

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1474**  
**komudagur 8.3.2012**

Nefndasviðs Alþingis  
Umhverfis og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

LHG/027/9,6/DS/sig  
Reykjavík 8. mars 2012

**Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum (flugvirkt, flugvernd, neytendavernd, EES-skuldbindingar, loftferðasamningar o.fl. ), 349. mál.**

Landhelgisgæslan gerir athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins sem verður 6. gr. loftferðalaga.

Landhelgisgæslan telur að með 1. gr. frumvarpsins sé gengið lengra en EASA gerir kröfu um gagnvart loftförum í eigu ríkja innan ESB og EES. Í frumvarpinu er ekki tekið mið af skýringum EASA sem gefa til kynna að ekkert sé því til fyrirstöðu að loftför í eigu ríkisins séu bæði með EASA-vottun og innlenda vottun.

Fyrirkomulag það sem hér er mælt fyrir mun gera Landhelgisgæslunni erfiðara um vik að taka verkefni erlendis með stuttum fyrirvara því að loftför sem eru skráð sem ríkisloftför þurfa að fá diplómatískar heimildir til yfirflugs og lendinga og í mörgum tilfellum tekur það ferli langan tíma. Dæmi eru um að ríki hafi misst af verkefnum vegna þessa.

Landhelgisgæslan hefur einnig áhyggjur af réttindum og þjálfunarmálum starfsfólks Landhelgisgæslunnar verði breytingar skv. 1. gr. frumvarpsins að veruleika. Spurningin er hvort starfsfólk sem starfar við ríkisloftför nær að uppfylla öll skilyrði til viðhalds réttinda og hvort þau eru undantekningarlaust viðurkennd á EASA-svæðinu.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur